

Fundargerð

4. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 30. maí 2006, kl. 17:30.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Áslaug Ívarsdóttir, Gestur Guðjónsson, Rún Þórðardóttir, formaður Íþróttamannanefndar og Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri. Guðmundur G. Kristinsson kom einnig á fundinn og sat hann fram yfir 3. lið. Gunnar Sigurðsson og Hörður Sverrisson boðuðu forföll.

1. Fundargerð 3. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

2. Kynning á verkefnum unglingsliðsþjálfara.

Frestað til næsta fundar þar sem tveir úr aðastjórn komust ekki á fundinn.

3. Fjármál.

- a) Styrktarsamningar. Guðmundur Kristinsson gerði grein fyrir stöðu mála varðandi styrktarsamninga. Búið að ganga frá samkomulagi við tvö fyrirtæki, sem aðalstyrktaraðila FRÍ og eitt til viðbótar sem styrktaraðila á útsendingar Gullmóta og móta innanlands. Enn vantar einn styrktaraðila vegna Gullmóta og móta innanlands. Rætt.
- b) Lausafjárstaða. Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir stöðu fjármála. Rætt.

4. Mótamál.

- a) Nordic 10.000m Challenge 25. maí sl. Mótið fór fram í umsjón frjálsíþróttadeildar Breiðabliks á Kópavogsvelli. 17 erlendir keppendur tóku þátt í keppninni, auk þriggja Íslenskra hlaupara. Keppnin tóks mjög vel í alla staði og var mótshöldurum í Kópavogi til mikils sóma. Samþykkt að senda þakkarbréf til Breiðabliks fyrir góðan undirbúning og vel framkvæmt mót.
- b) MÍ í fjölþrautum um helgina. Hörður Sverrisson verður yfirdómari á MÍ fyrsta hluta sem fram fer á Kópavogsvelli um helgina.
- c) Úthlutum móta:
Eftirfarandi mótum var úthlutað á milli funda af stjórn FRÍ:
 - MÍ fyrsti hluti 3.-4. júní: Til Breiðabliks í Kópavogsvöll.
 - Bikarkeppni FRÍ 25.-26. ágúst: Til UMSS á Sauðárkróksvöll.
 - Bikarkeppni FRÍ, 2. deild, 26. ágúst: Til USVS á Víkurvöll.
 - Engin hefur sótt um að halda MÍ í 5000m hl. kvenna og 10.000m hl. karla.
- d) Þátttaka í 1. og 2. deild í Bikarkeppni FRÍ.
Öll lið sem eiga þátttökurétt í 1. deild staðfestu þátttöku fyrir 3. maí sl. Ármann/Fjölnir, Breiðablik, FH, ÍR, HSP, UMSS

Eftirfarandi tilkynntu um þátttöku í 2. deild fyrir 3. maí sl.

HSK, USVS, UMFA, USÚ, UFA/UMSE og lið Vesturlands

Formaður fagnaði góðri þátttöku í 2. deild, en langt er síðan svo mörg lið hafa tekið þátt í 2. deild Bikarkeppni FRÍ. Aðrir stjórnarmenn tóku undir þá ánægjulegu þróun á Bikarkeppninni.

- e) Bikarkeppni FRÍ 1. deild. Rætt.
- f) 80. Meistaramót Íslands. Rætt.

5. Nefndir og ráð 2006-2008.

- a) Laganefnd FRÍ. Formaður lagði fram tillögu um að eftirfarandi skipti Laganefnd FRÍ 2006-2008: Ásbjörn Karlsson, Guðmundur Sigurðsson og Jónas Egilsson. Nefnin skipti með sér verkum. Samþykkt.

6. Lagt fram

- a) Drög að Þinggerð 55. Frjálsíþróttatöngs lögð fram.

7. Önnur mál.

- a) Framkvæmdastjóri ekki til Osló. Fram kom að framkvæmdastjóri sjái sér ekki fært að fara til Oslóar í lok vikunnar vegna Tina Staffetten, eins og samþykkt var á síðasta fundi.
- b) Rætt um möguleika á að leysa framkvæmdastjóra af í sumarleyfi hans 8.-21. júní nk. Formaður sagðist tilbúinn að vera a.m.k. hálfan daginn fram frá 8.-14. júní eða þar til liðið fer út í Evrópubikarinn.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.